

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



| | | | |
|----------------------------|-------------------------|--------------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 18.11.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálf Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Eskja hf. Eskifirði | Eftirlitsmaður | Dröfn Svanbjörnsdóttir |
| Heimili | Strandgötu 2 / Marbakka | Tegund eftirlits | Framselt eftirlit |
| Kennitala | 6301694299 | Flokkur | Fiskimjölsverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Haukur L Jónsson | ÍSAT nr. | 15.20.7 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 734232,988 517289,471 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni varðandi skil á niðurstöðum frárennismælinga 2019 og 2020 og skil á útstreymisbókhaldi 2019.

Minnt er á að frestur til að takmarka olíubrennslu verksmiðjunnar þannig að aflíð verði innan við 20 MW er til 7. desember 2020. Staðfesting skal send til Umhverfisstofnunnar þegar útbætur eru komnar í framkvæmd.

Sex ábendingar voru gerðar í eftirlitsferðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðustu eftirlitsskýrslu – staða frávíka
2. Kröfur í starfsleyfi – áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar og skráningar rekstraraðila (m.a. þykktarmæling geyma og þrýstiprófun lagna)
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir
5. Vettvangsskoðun um fyrirtækið

Fiskimjölsverksmiðja Eskju á Eskifirði er með starfsleyfi sem gildir til 1. september 2031. Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið vegna skráninga í tengslum við innra eftirlit. Farið var yfir skjal um eftirlit með olíugeymum á starfstöðinni. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2021. Að lokum var farið í skoðun um athafnasvæði verksmiðjunnar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar komu fram fjögur frávik er varða tilkynningar þegar TVN gildi er yfir viðmiðunarmörkun, staðfestingu vegna skil á spilliefnum, seinum skilum á útstreymisbókhaldi vegna ársins 2018 og varnir við neyslugeymi starfstöðvar. Að auki var þremur ábendingum komið á framfæri er varða endurskoðun á umhverfismarkmiðum fyrirtækisins, endurskoðun á viðbragðsáætlun fyrirtækisins með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um tilkynningar vegna mengunaróhappa og að skil á skýrslu um heildarúttekt á losun mengandi efna, í samræmi við grein 5.2 í starfsleyfi, veturinn 2019-2020 samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila.

Í eftirlitsferðinni var ekki hægt að staðfesta að kvittunum fyrir skil á spilliefnum væri haldið til haga í gögnum fyrirtækisins en fram kom að þjónustuaðilar komi árlega og tæma fitugildruna sem og úrgangsolútankinn reglulega. Tvær kvittanir hafa síðan verið sendar á Umhverfisstofnun og telst málinu lokið.

Í vettvangsskoðun um fyrirtækið var staðfest að gengið hefði verið frá neyslugeymi á viðeigandi hátt en hann stendur nú á upphækkun með árekstrarvörnum. Fram kom í eftirlitinu að ný gæðahandbók væri í vinnslu og verið sé að uppfæra umhverfismarkmiðin og viðbragðsáætlun fyrirtækisins. Að jafnaði er gæðahandbókin yfirfarin á þriggja ára fresti. Ekki hefur verið hægt að uppfylla úrbótaáætlun fyrirtækisins um skil á skýrslu um heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli fyrirtækisins, samanber grein 5.2 í starfsleyfi, en frestur Umhverfisstofnunnar var framlengdur til veturs 2019 -2020. Undanfarin ár hafa frárennissýni verið tekin á kolmunnavertíð. Engin loðnueiði hefur verið undanfarnar vertíðir og samkvæmt upplýsingum frá verksmiðjustjóra er vinnslutími fyrir síld og makríl yfirleitt of stuttur til að tóm gefist til sýnatöku. Í eftirlitinu var lagt til að fulltrúar Eskju, Umhverfisstofnunnar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands fundi til að ræða hvernig fyrirtækið hyggst uppfylla umrædda kröfu í starfsleyfinu.

Starfsemi Eskju er getið í viðauka I í lögum nr. 70/2012 um loftlagsmál og þar sem heildarvarmaafli olíukatla verksmiðjunnar fer yfir 20 MW fellur verksmiðjan undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS kerfið). Í greinargerð frá Eflu dags. 13. nóvember sl. er tillaga um hvernig fyrirtækið hyggst takmarka olíubrennslu verksmiðjunnar þannig að hámarksafköst verði innan við 20 MW. Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögu rekstraraðila en óskar jafnframt eftir því að rekstraraðili upplýsi stofnunina um það þegar útbætur eru komnar í framkvæmd. Samkvæmt kröfu Umhverfisstofnunnar skal aflíð vera komið undir 20 MW fyrir 7. desember 2020.

Engar kvartanir eða mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðust heimsótt. Nokkrar kvartanir bárust til sveitarfélagsins sl. haust um grút í sjó á Eskifirði. Heilbrigðiseftirlitið var látið vita sem hafði samband við Eskju en bæði bræðslan og frystihúsið telja að grútarmengunin hafi ekki komið frá þeim. Ekki var hægt að staðfesta að kvartanirnar ættu við starfsemi Eskju.

Farið var yfir eftirlitsmælingar samanber grein 3.2 í starfsleyfi. TVN gildi eru mæld daglega þegar vinnsla er í gangi og niðurstöður sendar til eftirlitsaðila lok árs, ár hvert. Bent var á að senda skal niðurstöður TVN til eftirlitsaðila eftir hverja vertíð. Hráefnið uppfyllti í öllum tilfellum mörk fyrir TVN gildi, samanber grein 2.2 í starfsleyfi. Árleg mæling á magni mengandi efna í frárennsli fyrir árið 2019 var ekki framkvæmd og telst það frávik frá starfsleyfi. Skýrsla mengandi efna í frárennsli fyrir árið 2020 hefur verið skilað. Sýni voru tekin á kolmunnavertíð í apríl sl. Skýrsla Mannvits sýnir að COD mældist yfir starfsleyfismörkum, samanber grein 2.17 í starfsleyfi. Fram kom í eftirlitinu að rekstraraðilar hafi ekki fundið út hvers vegna COD hafi mælst of hátt og því engar útbætur gerðar á búnaði. Rætt var að framkvæma þarf aðra mælingu á árinu.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2019 hefur verið skilað. Útstreymisbókhaldinu var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert skv. gr. 3.3 í starfsleyfi.

Þrír lýsisgeymar tilheyra verksmiðjunni og er ein lekavarnarpró um þá alla. Þróin er lokuð og tengist ekki olíuskilju. Dælt er reglulega upp úr þróinni og í niðurfall sem tengist inn á fituskilju verksmiðjunnar. Lýsisgeymarnir hafa allir verið þykktarmældir. Mælingar voru framkvæmdar af HB tæknipjónusta ehf. í nóvember 2018 (geymir nr. 1) og í apríl 2020 (geymar nr. 2 og 3) og niðurstöður sendar á eftirlitsaðila. Niðurstöður í skýrslum segja að ástand geyma sé gott. Fram kom í eftirlitinu að þegar lýsisgeymar eru tæmdir er haugsuga notuð til að hreinsa alla fitu úr geyminum sem eftir verður. Sú fita er flutt aftur inn í vinnsluna.

Fram kom í eftirliti að ekki væri búið að þrýstiprófa lagnir. Samkvæmt grein 20 reglugerðar nr. 884/2017 skal árlega skoða legufæri og þrýstiprófa löndunarlagnir neðansjár og á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir (lýsislagnir) á landi og allar löndunarlagnir.

Fram kom í eftirliti að olíukatlar verksmiðjunnar hafi ekki verið gangsettir á árinu og engin olía keypt. Verksmiðjan er eingöngu keyrð á rafmagni og olíukatlar ekki notaðir. Eru þeir aðeins hugsaðir sem varaafli í langvarandi rafmagnsleysi og stórum viðvarandi bilunum.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um svæðið. Lóð og umhverfi starfstöðvar voru skoðuð en vegna Covid-19 var ekki farið inn í verksmiðjuna. Gengið var um lekavarnaþró lýsisgeyma, skoðað inn í efnageymslu verksmiðjunnar og úrbætur neyslugeymis verksmiðjunnar skoðaðar. Snyrtilegt var um að litast og ekki ástæða til athugasemda. Inni í efnageymslu standa bambur með annars vegar sóða og hins vegar klór á lekabyttum. Rætt var að möguleikinn er fyrir hendi að efnavara fari í niðurfall sem staðsett í geymslunni. Bent var á að hafa niðurfallið lokað nema undir eftirliti starfsmanns.

Í kjölfar eftirlitsferðar var óskað eftir afriti af skírteini um tryggingu vegna bráðamengunar, samanber grein 4.6 í starfsleyfi. Fyrirtækið hefur ekki orðið við þeirri bön.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 3.2 í starfsleyfi

Frárennismælingar vegna ársins 2019 voru ekki framkvæmdar.

gr. 2.17 í starfsleyfi

Niðurstöðum frárennismælinga vegna ársins 2020 sýndu að COD væri of hátt. Engar útbætur voru gerðar á búnaði og ekki hefur verið gerð önnur mæling á árinu, samanber grein 3.2 í starfsleyfi.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2019 var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert. Ekki mun koma til eftirfylgni og telst frávikinu lokað.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að senda inn nýja úrbótaáætlun vegna skil á skýrslu um heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar, sbr. gr. 5.2 í starfsleyfi, en Umhverfisstofnun veitti síðast frest til veturs 2019-2020.
2. Rekstraraðila er bent er á að þrýstiprófa þarf lagnir, sbr. gr. 20 í reglugerð nr. 884/2017.
3. Rekstraraðila er bent á að senda TVN gildi til eftirlitsaðila eftir hverja vertíð, sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi.
4. Rekstraraðila er bent á að tilkynna skal eftirlitsaðila hvenær vertíð hefst og hvenær henni lýkur, sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi.
5. Rekstraraðila er bent á að hafa niðurfall inni í efnageymslu lokanlegt og lokað nema undir eftirliti starfsmanns.
6. Rekstraraðila er bent að þegar umhverfismarkmiðin og viðbragðsáætlun fyrirtækisins hafa verið uppfærðar að senda þær áleiðis til eftirlitsaðila til yfirlestrar.

29.12.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Gottskálk Friðgeirsson